Yfirlitssýning á verkum Kjarvals:

Elsta myndin máluð er Kjarval var sextán ára

REYKJAVÍKURBORG efnir til yfirlitssýningar á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals í tilefni af því að 15. október nk. eru liðin hundrað ár frá fæðingu hans. Sýningin verður opnuð á Kjarvalsstöðum á afmælisdaginn.

Að sögn Þóru Kristjánsdóttur listráðunautar á Kjarvalsstöðum hafa verið valin 200 verk á sýninguna af þeim tæplega 3000 málverkum og teikningum eftir Kjarval sem skráð eru á Kjarvalsstöðum. Stór hluti þeirra verka sem sýnd verða eru í einkaeign og hafa ekki fyrr verið sýnd opinberlega.

Elsta myndin á sýningunni, Illa Rauðka, er máluð 1901, er Kjarval var sextán ára gamall, en sú yngsta er frá 1968.

Ljósmyndir af Kjarval frá ýmsum tímum verða á sýningunni, svo og munir úr fórum hans. Þá verða til sýnis ljóðabækur eftir Kjarval og safn ritgerða eftir hann. Í tengslum við sýninguna verða fluttir fyrirlestrar um Kjarval og sýndur verður þáttur um hann af myndbandi. Í sýningarskrá verða birtar greinar um Kjarval, myndlist hans og ritverk.



Morgunblaðið/RAX

Þóra Kristjánsdóttir heldur hér á elstu myndinni á sýningunni, Illu Rauðku, sem máluð var árið 1901, er Kjarval var 16 ára.

Sýningin stendur yfir frá 15. október, eins og áður sagði, til 15. desember.

„Fráleitt að segja að við látum sem Pólýfónkórinn sé ekki til“

segir Hákon Sigurgrímsson

Svo virðist sem tónlistarunnendur geti átt von á því að hlusta á verkið Carmina Burana eftir Carl Orrf tvívegis í vetur, annars vegar flutt af Sinfóníuhljómsveitinni og kór íslensku hljómsveitarinnnar og hinsvegar af Pólýfónkórnum.

Eins og fram kom í blaðinu í gær hefur einhver ágreiningur komið upp milli stjórnenda Pólýfónkórsins og stjórnenda Sinfóníunnar varðandi flutning verksins á komandi vetri.

Ingólfur Guðbrandsson segir í blaðinu í gær að stjórn Sinfóníunnar hafi ekki svarað margítrekuðu erindi kórsins um flutning verksins og segir að kór Islensku óperunnar hafi verið úthlutaður flutningur Carmina Burana löngu eftir að Pólýfónkórinn hafi sett það á efnisskrá sína fyrir næsta starfsár. Hann heldur því einnig fram að hér sé um að ræða viðskiptasamning framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar við Íslensku óperuna og Söngskólann í Reykjavík.

Morgunblaðið hafði í gær samband við Hákon Sigurgrímsson stjórnarformann Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna ummæla Ingólfs Guðbrandssonar.

Hákon sagði að það væri fráleitt að halda því fram að Sinfóníuhljómsveitin léti sem Pólýfónkórinn væri ekki til. Kórnum hefði verið boðin samvinna um að flytja Messías, eða eitthvert stórverka Bachs, í desember '86, þá væntanlega í Hallgrímskirkju.

„Varðandi það að við höfum ekki svarað erindi kórsins, þá var bréfið sem kórinn sendi tekið fyrir á næsta stjórnarfundi eftir að það barst, og ákvörðun tekin og því svarað.

Við erum alltaf að velja flytjendur fyrir hin ýmsu viðfangsefni og reynum að velja þá eftir því sem best hentar hverju viðfangsefni. Pólýfónkórinn hefur margsýnt, að það fer enginn annar í fötin þeirra hvað varðar flutning á kirkjulegum verkum Bachs og Hendels, þess vegna veljum við Pólýfónkórinn til að flytja þau verk. En á undanförnum árum höfum við stefnt að því að hafa samvinnu við fleiri kóra, Fílharmóníukórinn og það er okkar mat að kór Íslensku óperunnar sé kór sem sé mun forvitnilegt að hlusta á þegar um ræðir viðfangsefni eins og Carmína Burana.

Það er enginn dulinn samningur í þessu fólginn, við höfum eingöngu samið um flutning á þessu eina verki, við höfum einnig samið um flutning við báða karlakórana á milli, Þjóðleikhúskórinn og árum saman við Fílharmóníu, og kór Menntaskólans við Hamrahlíð og þessi samningur er gerður á sama grundvelli og aðrir slíkir samningar.

Það er fráleitt að tala um að leggja Pólýfónkórinn niður til að aðrir fái að njóta sín, eins og Ingólfur segir í lokin. Mér finnst, að það boð sem stjórnin gerði kórnum um að flytja Messías sé einmitt til þess fallið að gera kórnum kleift að lifa og starfa áfram.

AFMÆLI Í BROADWAY



Næsta sýning GLEÐINNAR í BROADWAY nk. föstudags- og laugardagskvöld.

ENGIN SMÁ gleði ÞESSI Sumargleði

var mál manna
sem sáu þá félaga á afmælishátíðinni
um helgina í Broadway



Sumargleðin er frábær skemmtun sem fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.
17 úrvals skemmtikraftar með þá Ragga Bjarna, Ómar Ragnarsson, Bessa Bjarna, Magga Óla og Hemma Gunn í fararbroddi sem fara á kostum í stórglæsilegri sýningu sem býður upp á söng, dans, grín og gleði eins og best verður á kosið.

Matseðill
Rjómalöguð humarsúpa
Grísahnetusteik
Mokkaís m/konfekti og rjóma

Ingimar Eydal leikur fyrir matargesti

Nú er um að gera að tryggja sér miða tímanlega á gleðileik Sumargleðinnar sem aldrei hefur verið betri en nú. Miðasala og borðapantanir í síma 77500

BROADWAY

Nú greiðum við gíróseðilinn

Við drögum 12. okt.

Verum öll með

Samtök um byggingu tónlistarhúss